

Nr. 114 / 10 Magni**Skipverji slasast á hendi**

Skipaskr.nr. 2686
Smíðaður: Rúmeníu 2006, stál
Stærð: 122,7 brl. 141,2 bt.
Mesta lengd: 22 m Skráð lengd: 20,41 m
Breidd: 7,8 m Dýpt: 3,74 m
Vél: Caterpillar 954 kW, 2006
Fjöldi skipverja: 3



Magni©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 10. júní 2010 var dráttarbáturinn Magni við störf á hafnarsvæði Faxaflóahafna. Veður: V 5-10 m/s og sjólítið.

Skipverjar voru að vinna við að taka upp 7 baujuna og var búið að binda hana á síðu dráttarbátsins með tvöföldu ofurtógi. Einn skipverjanna var að gera klárt til að geta híft stein baujunnar upp þegar kom slaki á ofurtógið og lenti þumalputti hægri handar á milli í tvöfalda ofurtóginu. Þegar til hafnar var komið fór slasaði á slysadeild þar sem hann var úrskurðaður óbrotinn. Síðar kom í ljós að puttinn var brotinn.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.